

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 05. desember 2011  
2011110011/42-1-3  
TB  
jgo/tb

**Tillag til þingsályktunar um fuglaskoðunarstöð í Garði, 79. mál.**

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, dags. 14. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um fuglaskoðunar hús í Garði, 79. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir erindið. Stofnunin tekur ekki sérstaka afstöðu til þess hvort það eigi almennt að vera í höndum ráðuneyta að koma á fót fuglaskoðunarhúsum á svæðum sem ekki eru á forræði viðkomandi ráðuneytis að einhverju leyti. Sem dæmi má benda á að það gæti talist eðlilegt að umhverfissráðuneytið eða stofnanir þess t.d. Umhverfisstofnun, stuðli að uppsetningu fuglaskoðunarhúsa á svæðum sem eru friðlýst vegna fuglalífs. Benda má á að svæðið við Garðskagavita er á náttúruminjaskrá. Náttúrufræðistofnun telur umrætt svæði vel til þess fallið að koma upp aðstöðu til fuglaskoðunar.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

